

Rætt við félagi í Geðhjálp, félagi geðsjúklinga, aðstandenda og velunnara þeirra:

# ALLT OF MIKIL ÁBYRGÐ SEM AÐSTANDENDUR BERA

„Engin neyðarþjónusta er til fyrir geðsjúka nema fangaklefinn. Kleppspítalinn á að taka á móti þessu fólki, en hefur ekki pláss. Það er hræðilegt að þurfa að senda veikan mann, sem manni þykir vænt um inn í fangaklefa. Það er hlutur, sem enginn kemst yfir. Þá er það ekkert grín fyrir sjúkling að vera settur inn í slíkan klefa, kannski með ofskynjanir, í hand- og fótjárnunum.“

Þessar linur lýsa broti af þeim vandamálum, sem aðstandendur geðsjúkra standa frammi fyrir vegna þess hve málefinn geðsjúkra eru skammt á veg komin héraðs og aðstöðuleysi mikið. Dagblaðið ræddi við nokkra félagi í Geðhjálp, félagi geðsjúklinga, aðstandenda og velunnara þeirra. Allir þessir félagar eiga það sameiginlegt að einhver þeim nákominn á við geðsjúkdóm að stríða, maki, sonur eða dóttir, eða systkini.

## Neyðarþjónusta

Talið barst fyrst að neyðarþjónustu við geðsjúka: „Við viljum neyðarþjálpi í tengslum við t.d. slysa-deild og að hægt sé að fá lækni heim á hvaða tíma sem er. Það er nú svo með geðsjúka eins og aðra, að þeir veikjast á hvaða tíma sólarhringsins sem er.“

Þá finnst okkur að það sé lágmark að sjúkrahúsi séki hina sjúku en ekki lögregluhl. Lögreglan er raunar ágæt og ekkert upp á hana að klaga, en þetta ætti ekki að vera í verka-

hring lögreglunnar. Það er hræðilegt fyrir t.d. börn hins sjúka að fá lögregluhl heim til þess að sækja hann í stað sjúkrabils.

Þá er engin unglingsdeild til, en mikil nauðsyn er á slíki deild. En við viljum ráðlegginga foreldrum, sem eru með börn og raunar öllum aðstandendum geðsjúkra að koma til okkar í Geðhjálpi. Menn verða að viðurkenna að þeir séu með einhver sár nákominn, sem á við geðræn vandamál að stríða, jafnvel þótt það sé erfitt. Málin verða auðveldari á eftir. Þá er ekki síður erfitt fyrir hinn geðsjúka að viðurkenna fyrir sjálfum sér hversu veikir hann er.

En foreldrar ættu ekki að eyða of mikilli orku í sjálfsásökun, vegna þess hvernig komið er, frá hvoru foreldranna sjúkdómurinn komi, eða hvort kenna megi hann uppeldinu. Menn þurfa alla sína orku í að berjast með barninu. Barnið eða unglingurinn er orðinn svona og því verður að taka. Þetta er tilfallandi meira og minna í öllum ættum.“

## Geðsjúkur maki

Vandinn er mikill ef maki, t.d. eiginmaður, á við geðsjúkdóm að stríða. Hann getur illa séð fyrir heimili, ástandið er ótryggt. Hann fær örorkubætur, en inn á milli er hann fyllilega hæfur til vinnu. En kerfið er þannig að hann missir örorkubæturnar ef hann fær vinnu. Síðan veikist hann aftur og missir vinnuna.

En þá fær hann ekki örorkubæturnar sjálfkrafa.

„Maður ber ábyrgð. Það er ekki hægt að skilja við hann. Það er enginn annar sem tekur við. Verði skilnaður vill oft brenna við að makinn finnst láttinn í höfninni eða einhvers staðar annars staðar. Aðstandendur bera allt of mikla ábyrgð. Það er of mikið stílað upp á að þeir gefist ekki upp. Gefist makinn eða aðstandendinn upp verður hann fyrir þungum ásökunum.“

Menn í þessu ástandi eru oft ósjálfráðir gerða sinna. Það verða því einhverjir aðrir að taka ábyrgðina. Þetta ástand er mjög erfitt fyrir sjúklinginn. Þeir geta verið mjög góðir makar, en þjóðfélagið þarf að hjálpa. Helmingur vandans fyrir aðstandendur er sjúkdómurinn, en hinn helmingurinn er kerfið. Það er e.t.v. ekki hægt að lækna sjúkdóminn, en það er hægt að bæta kerfið.

Þá má ekki gleyma börnum þess fólks, sem glímur við þessa sjúkdóma. Það er eitthvað það versta sem fyrir kemur ef ekki er hægt að koma veiku foreldri strax á sjúkrahús, þannig að börnin þurfi ekki að horfa upp á fávæke foreldri sín heima. Lögreglan fjarlægir ekki fólk af heimilum nema það sé orðið kolvitaust. Börn eru fús að fyrirgefa foreldrum sínum, það sem fyrir kemur meðan þetta ástand varir, en þó vita menn aldrei hvað börn bæla innra með sér. Menn verða að gera sér grein fyrir því að margir aðstandendur hinna geð-

sjúku eru orðnir hálfþrenglaðir líka.“

## Sjálfræðis- svipting

Sjálfræðissvipting hins geðsjúka er mjög særandi aðgerð fyrir hinn sjúka. Aðstandendur standa sjálfir í því að svipta sínu nánustu sjálfræði. Það eru um það deildar meiningar hvort heppilegra sé að það sé með þeim hætti eða einhver utanaðkomandi, „kerfið“, geri það. En til þess að fá sjálfræðissviptingu hjá manni sem ekki er sjálfráður gerða sinna þarf jafnvel að ljúga því í vottorði að hann sé hættulegur. Annars fæst sviptingin ekki. Virðingin fyrir frelsi einstaklingsins er mikils virði, en erfitt getur verið fyrir maka að fá sjálfræðissviptingu kannski 6 sinnum á ári. Sjálfræðissviptingin fellur úr gildi þegar lækni hefur útskrifað sjúklinginn.“

## Eftirmeðferð

„Eftirmeðferðin er í kalda kólí hjá okkur. Það vantar áningarstaði, þar sem fólk þarf að vera meðan það er að ná sér eftir sjúkrahúsvist. Þegar sjúklingur kemur út af geðsjúkrahúsi er hann oft illa staddur. Hann hefur e.t.v. ekki húsneði eða kannski herbergi þar sem hann lokar sig inni. Hann hefur oft ekki vinnu og á erfitt með að fá vinnu vegna veikindanna. Það þarf ekki geðveikan mann til þess að lenda í vandræðum með að

— brýn nauðsyn á neyðarþjónustu, eftirmeðferð og vernduðum heimilum

leysa þessi vandamál. Fólk, sem er svona veikt í okkar þjóðfélagi á heimtingu á aðstoð. Það ætti ekki að þurfa að biðja um hana. Fáí fólkíð aðstoðina getur það oft staðið á eigin fótum.“

## Geðveikir afbrotamenn

„Hvar eiga geðveikir afbrotamenn að vera? Kleppur vill þá ekki, þeir mega hvergi vera, en eru gevndir á Litla-Hrauni. Það þarí annað vort geðsjúkradeild við fangelsin eða sérdeild fyrir þessa menn á sjúkrahúsum. Sú leið er raunar mun eskilegri. Það er ekki hægt að lita á þessa menn sem venjulega afbrotamenn. Þeir eru enda ekki dæmdir fyrir afbrot, heldur sitja inni í óákveðinn tíma og hljóta litla lækniþjónustu. Aðstandendum þessara manna sviður sárt meðferðin á þeim.“

## Geðhjálp

Aðstandendurnir í Geðhjálpi lögðu mikla áherzlu á það að öll fræðsla um þessi mál væri af hinu góða. Fólk verður þá minna hrætt við hið ókunna. „Við komumst yfir þetta og lærum að lifa með þessu,“ sögðu þeir. Því hvetja þeir þá sem eiga við vandann að stríða að hafa samband við félagi í Geðhjálpi. Leita til þeirra sem eiga við sviðuð vandamál að stríða og berjast fyrir umbótum á þessu sviði.

- JH

[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=228495&pageId=3097283&lang=is&q=Ge%F0h%E1lp](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=228495&pageId=3097283&lang=is&q=Ge%F0h%E1lp)